

Norðmenn taka flugið í þorskeldi en hægur vöxtur er á Íslandi

Þorskeldi er enn á tilraunastigi hér á landi og tapið á því gæti verið um 42% ef aðeins er litið á rekstrarhlöðina, miðað við vinnslu bein- og roðlausra þorskflaka. Hins vegar standa vonir til að unnt verði að snúa dæminu við þannig að eldið skili hagnaði innan tíu ára. Norðmenn eru með stór áform uppi um framleiðslu eldisþorsks en Íslendingar standa þeim langt að baki. Í ár gætu Íslendingar slátrað allt að 2 þúsund tonnum af eldisþorski og hugsanlega verður framleiðslan komin í 30 þúsund tonn árið 2015.

Á Íslandi eru lax, bleikja, regnbogasilungur, lúða, sandhverfa, hlýri og þorskur í eldi. Stórar bleikjueldisstöðvarnar eru á Reykjanesi en auk þess eru þar framleidd hrogn, seiði og lax. Bleikjueldið er í góðum vexti og stefnir í 3.000 til 3.600 tonna ársframleiðslu. Þorskeldið er í hægum vexti og fer úr 1.400 tonnum í fyrra í um 1.800-2.000 tonn í ár. Vöxtur er á útflutningi lúðuseiða og áform eru um að auka framleiðslu til að anna eftirspurn. Laxeldið hefur minnkað verulega og nú nýverið var síðustu löxunum slátrað, bæði í Berufirði og í Mjóafirði. Stefnir laxeldið í að framleiða aðeins fyrir innanlandsmarkað eða um 600-800 tonn, en árleg framleiðsla á laxi var 6000-7000 tonn þegar eldið var mest.

Ellefu fyrirtæki í sjókvíaeldi

Sjókvíaeldi hófst hér á landi árið 1972 í Hvammsvík í Hvalfirði. Margir staðir hafa verið prófaðir síðan. Einstök skilyrði voru talin vera á suðurströndinni, í Klettsvík í Vestmannaeyjum og í Lóni í Kelduhverfi. Víða var sjókvíaeldi prófað í Faxaflóa og Hvalfirði en reynslan var ekki góð. Þá hefur sjókvíaeldi verið stundað á Vestfjörðum, í Eyjafirði og á Austfjörðum um nokkurt skeið. Mikilvægt er að þeir sem ætla að hefja sjókvíaeldi kynni sér þau gögn sem til eru um reynslu af sjókvíaeldi hér á landi og hafi jafnvel upp á þeim aðilum sem hafa staðbundna reynslu af sjókvíaeldi.

Næg leyfi eru fyrir hendi hér á landi fyrir umtalsverðri framleiðslu í sjókvíum, bæði fyrir lax og þorsk. Skiplagsstofnun hefur gefið út leyfi fyrir rúmum 52.000 tonnum af fiski og Umhverfisstofnun hefur gefið út leyfi fyrir allt að 34.000 tonnum á árunum 2000 til 2006. 11 fyrirtæki stunda nú sjókvíaeldi, aðallega áframeldi á þorski og eitt fyrirtæki elur bleikju og lax.

Norðmenn framleiða 15 þús. tonn af eldisþorski

Framleiðsla á eldisþorski í Noregi verður sennilega um 15 þúsund tonn í ár. Slátrun á Íslandi verður til samanburðar um 1.500 til 2000 tonn allt eftir því hvoru megin áramóta slátrað verður. Miðað við Noreg er þróunin hér á landi hæg en miklar væntingar eru gerðar til þorskeldis í Noregi. Spár í Noregi hafa verið æði bjartsýnar og ekki alltaf staðist. Til dæmist spáðu Norðmenn því að árið 2013 yrði slátrað hjá þeim 215 þúsund tonnum af eldisþorski. Til allrar hamingju fyrir okkur Íslendinga er þróunin í Noregi hægari en þessi spá gefur til kynna og aðeins var slátrað rúmum 11.000 tonnum af eldisþorski í Noregi árið 2006 en ekki 30.000 tonnum eins og spáin gerði ráð fyrir. Um 11 milljónir þorskseiða fóru í sjókvíar í Noregi árið 2006. Góðar líkur eru á að framleiðslan verði um 15.000 tonn 2007 og 20.000 tonn 2008.

Rúmllega 100 fyrirtæki stunda sjókvíaeldi í Noregi. Þróunin í Noregi er að þorskeldið færast norðar í Noreg. Nú er Nordland talið hagkvæmasta eldissvæðið fyrir þorsk, um það fylki liggur norður heimskaupsbaugurinn (66,3°N). Hitastig á suðursvæðinu þykir of hátt fyrir þorsk.

Dýr seiði og of mikil afföll

Framleiðslugeta seiðaeldisstöðva fyrir þorsks í nálægum löndum er hvergi mikil nema í Noregi. Þar er hægt að framleiða 100 milljónir seiða á ári. Kanadamenn geta innan skamms framleitt allt að 10 milljónir seiða. Íslendingar geta aðeins framleitt um 500 þúsund seiði. Brýnt er að bæta úr þessu ef þorskeldi á að taka flugið hér á landi. Það sem háir þorskeldi er aðallega tvennt, mikill kostnaður við seiðaframleiðslu og mikil afföll seiða í sjókvíum. 30% afföll seiða eru algeng en þau geta verið allt upp í 50% hjá einstaka framleiðenda. Nýlegar fregnir herma (kyst.no) að söluverð seiða í Noregi sé um 12,5 norskar krónur og raunkostnaður seiðanna fyrir sjókvíaeldið sé allt að 18 norskar krónur. Það þýðir u.þ.b. 6 norskar krónur eða 66 íslenskar krónur fyrir hvert kíló sem er framleitt í

Noregi. Það er þokkaleg afkoma í seiðaeldinu því eftirspurn hefur verið mikil, en afkoman í sjókvíaeldinu er ekki hagstæð, m.a. vegna seiðaverðsins.“

Tap á tilraunaeldi

Margoft hefur komið fram að þorskeldið á Íslandi sé óhagkvæmt. Stærðin á eldinu er of lítil og kostnaður er of mikill. Framleiðslukostnaður við seiði, fóður, laun og annar framleiðslukostnaður er of hár í tilraunaeldinu til að eldið geti skilað arði. Könnun á arðsemi fyrir tilraunaeldi á þorski haustið 2007 sýnir að tap á hvert afurðarkíló er 321 króna miðað við 750 króna söluverð, eða um 42%. Væntingar eru um að dæmið breyttist verulega þegar tekist hefður að þróa aeldi á þorski í hagkvæmum skala til að ná nauðsynlegri stærðarhagkvæmni. Árangur sem þorskeldið þarf að ná er að: seiðakostnaður fari úr 66 kr í 18 til 19 kr, fóðurlaun fari úr 170 kr í 70 til 75 kr, launakostnaður fari úr 45 kr í 13 til 14 kr, annar framleiðslukostnaður fari úr 75 kr í 34 til 40 kr. Með verulegri lækkun framangreindra kostnaðarliða, sem hugsanlega væri í sjónmáli á næsta áratugi, mætti ná allt að 25-32% hagnaði í þorskeldi.

Eldistíminn lengri hér

Framleiðslukostnaður í þorskeldi er lægri í Noregi en hér á landi. Helstu ástæður þess eru m.a. þær að hitastig sjávar er lægra hér á landi, stórseiði eru dýrari í framleiðslu, fóður er dýrara og margt fleira kemur til. Það hlýtur öllum að vera ljóst að erfiðara er að koma upp sjókvíaeldi á Íslandi en í Noregi. Norðmenn hafa gríðarlega reynslu í laxeldi sem gefur þeim gott forskot, og þeir hafa víðar kjörhitastig fyrir þorskeldi. Niðurstaðan er líklegast sú að eldistíminn yrði að meðaltali lengri hér við land en í Noregi fyrst um sinn. Hér gæti hins vegar kynbótastarf haft áhrif til góðs fyrir íslenskan eldisþorsk, þ.e. að kynbætt yrði fyrir vöxt við lægra hitastig. Kaldara umhverfi hefði líka sína kosti sem eru minni afföll og betra heilsufar.

Trú von og væntingar - Verður eldið 30 þús. tonn 2015?

Norðmenn ólu yfir 600 þúsund tonn af laxi árið 2006. Þeir leystu öll vandamál sem upp hafa komið í eldinu og minnkuðu framleiðslukostnað úr 400 kr/kg í 150 kr/kg á einum áratug. Þeir ætla að fara eins að í þorskeldinu, bara hraðar. Það er almenn trú á hæfni norskra eldismanna og fjármagn til eldisins kemur aðallega frá hluthöfum og fjárfestingasjóðum en í minna mæli frá bönkunum. Þekking, reynsla og fagkunnátta fara saman í Noregi og það er engin ástæða til að efast um getu þeirra. Ekki er hægt að líkja stöðunni á Íslandi saman við Noreg í þorskeldi. Reynsla okkar af sjókvíaeldi er því miður allt önnur. Þróunin hér á landi í þorskeldi er ekkert í líkingu við það sem er að gerast í Noregi. Norðmenn taka flugið í eldinu án þess að sýnt hafi verið fram á að það væri arðbært, greinilega í trausti þess að unnt yrði að lækka kostnaði eins og í laxeldinu. Okkar bíður það verkefni að sýna fram á að hægt sé að ala þorsk á arðbæran hátt á Íslandi. Sjávarútvegsfyrirtækin hafa lagt mikla fjármuni í tilraunaeldi á þorski til að skapa nauðsynlega þekkingu og reynslu á þessu sviði. Kynbótaverkefni í þorskeldi er í gangi og þar er að finna aðal lykilinn að framtíð þorskeldis. Engin stór seiðastöð er hins vegar til í landinu fyrir þorskeldi. Auka þarf fjármagn til rannsókna og uppbyggingar seiðaeldis í stórum skala. Ég fagna þeirri tillögu sem fram kemur í nýrri skýrslu til sjávarútvegsráðherra um frekari uppbyggingu þorskeldis. Þar er lagt til að markmið um framleiðslu á eldisþorski verði 30 þúsund tonn árið 2015 og til að ná því markmiði verður að byggja seiðaeldisstöð sem gæti framleitt allt að 10 milljónir seiða árið 2013.

Reykjavík, 29. nóvember 2007
Guðbergur Rúnarsson